

menningarmál

Jarðfræði og ljósmyndun

■ KJARVALSSTAÐIR Vestursalur

Ljósmyndasýning. Björn Rúriksson 1.-17. maí 1981 63 myndir þar af 30 loftmyndir teknar úr flugvél Myndavélar Nikon Filmur, Kodachrome 64 og 25

Ísland í lítuðum ljósmyndum

Það má segja sem svo, að við séum alltaf að finna Ísland, finna eitthvað nýtt, sem við vissum ekki af áður, eða höfðum ekki komið auga á fyrr. Meðal annars kemur þetta fram í svonefndum Íslandslýsingum og ber þar að sjálfsgöðu hæst ferðabækur ýmsar, sem ýmist snérust um hag bænda og hjúa þeirra, kosti jarða, hlunnindi og fjäreign. Svo komu aðrir og rituðu um náttúru landsins, jurtir og jarðfræði og líka menn er sögðu kátinusögur af landinu, af frumbyggjum þess, sem sumir hverjir gengu til allrar algengrar vinnu og kunnu þó latínu og grísku meira en aðrir menn í Norður-Evrópu og landið varð að hálfildings þjófsögu.

Það mun hafa verið Gunnar Hannesson, sem einna fyrstur byrjaði að sýna stórkostlegar litmyndir, eða yfirlitsmyndir af landinu í sérstakri birtu, þótt vitanlega kæmu fleiri við sögu, og nú hefur enn einn bætst við, en það er Björn Rúriksson, sem er víst vískafræðingur, sem er að læra jarðfræði núna, en ljósmyndum hefur verið áhugamál hans lengi og hún hlýtur að hafa hagnýtt gildi fyrir fræðin líka, því á miklum yfirlitsmyndum má sjá víðáttur hrauna og berglög, en það er sérstök saga.

Björn Rúriksson

Björn Rúriksson er maður á góðum aldri, og hefur að sögn tekið ljósmyndir frá barnæsku. Hann hefur hlotið nokkurn frama í þeirri grein. Hefur meðal annars sýnt myndir í NIKON Center í New York, sem er mikill heiður og vöktu myndir hans talsverða athygli og einnig hefur hann sýnt í Newark myndlistarsafninu í New Jersey, en það safn var stofnað af menningarmanninum John Cotton Dana, sem einnig lagði grundvöllinn að hinu fræga bókasafni. Allt er þetta mikill heiður og hlutu myndir Björns Rúrikssonar lofsamlega dóma að sögn,

„Athyglisvert er að virða fyrir sér þessar tvær síðustu myndir, þar sem þær standa hlið við hlið. Myndirnar eru óneitanlega keimlíkar, en reginmunur er á myndun þessa tveggja náttúrusmiða. Dalurinn t.h. er dæmigerð ásynd lands sem mótast hefur af öflum á yfirborði jarðar, en myndunin t.v. á Langasjávarsvæðinu er aftur á móti ásynd lands sem fyrst og fremst hefur verið sköpuð af öflum neðan yfirborðs jarðar“.

Þetta er merkilegt mál, og sýnir ljóslega að það getur verið fróðlegt að fá leiðarvísi með landmyndum. Maður skynjar þær á allt annan hátt.

Um listrænu hliðina er það að segja að þarna er sem í nýju íslensku kvikmyndunum, sem svo mikla athygli vekja heima og erlendis, að landið leikur vel. Ægiferur þess, samspil frosts og funa, uppblástur, dælur og tun, eða bithagar og fyrst og fremst sú nekt, sem er nánast óþekkt í mörgum löndum, vekja athygli. Sumstaðar minnir það á Tunglið.

Án efa nýtur Björn þess á sýningum sínum erlendis meira en hér heima, hversu óvenjulegt og fagurt þetta land er. Þarna er að finna margar afbragðsgóðar myndir, en á hinn bóginn vantar talsvert upp á myndbygginguna sjálfa, svona frá listrænu sjónarmiði séð.


Einnig skortir talsvert á að beðið sé eftir ögurund sólar, því sumir staðir verða aðeins myndaðir rétt á ákveðinni mínútu, og sú mínúta kann að vera á einum degi, því ljósspilið byggir á sólinni, sem verður að vera á vissum stað, til að opinberunarbókin opnast.

Í sumum myndum Björns Rúrikssonar er ég ánægður með samvinnuna við sólina en í sumum myndunum er hann aðeins heppinn með veður, það er hjartvíðri og augun sjá milur.

Telja má þó að ljósmyndaranum séu þessi sannindi ljós. Nærmyndir sýna það en þar er afallshorn sólar, birtan, notuð til þess að skýra og lýsa myndefnið og gjöra það að sérstökum veruleika á mynd. Annað er jarðfræði.

Með þessari stór-sýningu hefur Björn Rúriksson skipað sér í röð meiriháttar myndasmíða hérlandis og með nánari greiningu á listrænni ljósmyndum af landslagi og jarðfræðimyndum, ætti hann að ná langt, og auðvitað getur þetta tvennt farið þröðilega saman, þótt þarfirnar séu ekki ávallt hinar sömu.

Sýningu Björns lýkur 17. maí 1981



■ Björn Rúriksson.

Og áfram var haldið að lýsa. Fyrstu málararnir komu, Þórarinn B. Þorláksson, Sigurður málari, Jón, Asgrímur og Kjarval og loks kom ljósmyndin.

Málararnir lýstu einkum landslagi og fólki. Lofsungu landið með ættjarðarskaldunum, en ljósmyndararnir fyrstu lýstu fólki, atvinnulífi, húsakosti og þjóðháttum, og unnu ómetanlegt starf, eins og reyndar hinir líka og loks dró að því að byrjað var að mynda þetta land í smæstu atvinnu. Það nýjasta er að nota flugvélar við að lýsa landinu, svo við megum sjá hvernig það kemur fuglinum fyrir sjónir, og eins hvernig það hefur orðið að steini endur fyrir löngu.

Þar á meðal í sunnudagsblaði New York Times, en þar segir gagnrýnandinn m.a. að Björn Rúriksson sé sérfræðingur um jarðfræði Íslands og að sú þekking hans hafi verið honum hjálpin við „að finna þær sérstæðustu og fallegustu landlagsmyndir, sem ég hef séð“.

Og eins er þess að geta að ljósmyndir Björns hafa einnig birst í frægum blöðum, innlendum og erlendum.

Björn Rúriksson fer ekki dult með að ljósmyndir hans eiga að vera hluti af jarðsögu landsins. Á leiðbeiningarblaði, fylgir jarðfræðileg skilgreining á mótifinu og er það fróðlegt. Þar segir t.d. á einum stað:

Jónas Guðmundsson skrifar um myndlist.



Tilkynning um litarmerkingu á sauðfé

Við viljum minna á litarmerkingarskyldu á afréttarfé samkvæmt ákvörðun Sauðfjársjúkdómanefndar í eftirtöldum sýslum:

V-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Gullbringusýslu, Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, V-Húnavatnssýslu, A-Húnavatnssýslu, auk þess bæirnir Melar og Fagrabrekka, Bæjarhreppi, Strandasýslu.

Ákvörðun þessi var tekin með stoð í lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra nr. 23/1956 og nr. 12/1967, ennfremur samkvæmt ákvæðum reglugerða frá 18/7 1957 og 24/11 1978. Stuðst er einnig við lög um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 42/1969 með breytingum nr. 43/1976.

Einnig er hér með varað við, að sleppa fé á afrétt nú í vor fyrr en girðingar hafa verið lagfærðar. Ber að hafa samráð við fulltrúa Sauðfjárveikivarna á hverjum stað um þetta.

Sérstaklega var minnt á merkingarskyldu á fé frá riðubæjum, og alvarlega er varað við að sleppa af húsi fé með riðueinkennum.

Sauðfjárveikivarnir
Bændahöllinni, Reykjavík

Dagur óskar eftir að ráða

frá og með næstu áramótum eftirtalda starfsmenn í prentsmiðju:

Setjara, vanan pappírsumbroti. Starfsmann við tölvusetningu. Offsetljósmyndara og prentara.

Skriflegar umsóknir sendist skrifstofu Dags fyrir 1. júní nk. Nánari uppl. gefur Jóhann Karl Sigurðsson í síma 24167.

Dagur, Tryggvabraut 12, Akureyri.

Heyblásari

10 h.a. heyblásari m/3ja fasa 220 volta rafmótor til sölu.

Upplýsingar í síma 18627 og 92-7561 eftir kl. 20.

Sauðfjársjúkdómanefnd

Í Gufudalssveit A-Barðastrandarsýslu eru jarðirnar Brekka og Fjarðarhorn lausar til ábúðar ef um semst.

Upplýsingar hjá eigendum og oddvita Gufudalshrepps.

SIN
ALCO
Verð eftir lækkun:
kr. 2.50
HE. ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON